



BORGARBYGGÐ

Skorradalshreppur

b/t Sigurbjargar Ó. Áskelsdóttur.

Hvanneyrargata 3

311 Borgarnes

Dags: 24.1.2024

Fitjahlíð, deiliskipulag Kiðhúsbala (tillaga að deiliskipulagi)

Kynning á máli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps dags. 17.1.2024, þar sem óskað er umsagnar Slökkviliðs Borgarbyggðar um ofangreinda tillögu. Slökkvilið Borgarbyggðar hefur yfirfarið greinargerð.

Umsögn Slökkviliðs

Liður 2.4 Brunavarnir. Húsnaðis- og Mannvirkjastofnun gaf út leiðbeiningar um brunavarnir í frístundabyggð 28.10.2022. Leiðbeiningarnar eru út frá 23.gr.laga nr. 75/2000 um brunamál. Liður 6.

Mikilvægt er að skipulagsyfirvöld sveitarfélaga, skipulagsráðgjafar, byggingarfulltrúar, landeigendur og eigendur frístundahúsa hvort sem er einstaklingar eða félagasamtök, taki tillit til aukinnar hættu af gróðureldum við gerð og framfylgd skipulags. Í 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, kemur fram að þar sem gera má ráð fyrir mannfjölda og hætta geti verið á gróðureldum skuli gæta þess að fleiri en ein greið flóttaleið sé um og frá svæðinu. Flóttaleið getur verið akstursleið, gönguleið eða önnur leið að öruggu svæði. Við gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð þarf m.a. að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Hvernið svæðið hentar fyrir frístundabyggð m.t.t. eldhættu, möguleika á flóttaleiðum, aðgang að slökkvivatni, viðbragðstíma og viðbragðsgetu slökkviliðs.
- Að flóttaleiðir séu skipulagðar í upphafi og eftir atvikum í samráði við aðila sem ráða yfir aðliggjandi landi til að tryggja aðkomu og aðgang að öruggum svæðum.
- Hvort setja þurfi ákvæði um byggingarefni, lýsingu flóttaleiða, nýjan gróður og varnarlinur á þéttum gróðursvæðum (stígar, vegir, skurðir, annað).
- Að útbúin séu eldvarna- og rýmingarkort /-áætlanir fyrir svæðið
- Að slökkvilið komist um svæðið með búnað og tæki og hafi aðgang að vatnsbólum eða vatnstökustöðum

Við gerð deiliskipulags og breytinga á því þarf að hafa samráð um ofangreind atriði við slökkvilið viðkomandi svæðis. Æskilegt er að skipulagsyfirvöld, landeigendur eða félög frístundahúsaeigenda hafi frumkvæði að því að yfirfara og endurskoða skipulag eldri frístundabyggða með áherslu á að bæta eldvarnir og skilgreina flóttaleiðir.

Slökkvilið Borgarbyggðar gerir samrýmdar athugasemdir fyrir allar frístundabyggðir á starfsvæði slökkviliðsins sem er Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalshreppur. Slökkvilið Borgarbyggðar gerir kröfur um það að við gerð deiliskipulags í frístundabyggð sé stuðst við ofangreindar leiðbeiningar og að tekið sé tillit til þeirra þátta sem HMS gerir kröfur um í leiðbeiningum um lög nr.75/2000.

Slökkvilið Borgarbyggðar gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu en leggur til að umrædd deiliskipulagstillaga verði rýnd með ofangreindum þáttum í huga og gengið sé úr skugga um að öll atriði séu tilgreind.

Slökkvilið Borgarbyggðar Heiðar Örn Jónsson

Slökkviliðsstjóri

Slökkviliðsstjóri

Slökkvilið Borgarbyggðar